

TF2LL

# Loftnetabúskapur í Borgarfirði.

Fyrirlestur í ÍRA 2. Maí 2019.

Georg Magnússon.

Glærur með skýringasexta.

# Yfirlit.

- 1. Ýmsar hugmyndir um loftnet og turna.
- 2. Loftnetsval.
- 3. Stjórnslan.
- 4. OptiBeam 18-6 samsetning.
- 5. Turninn.
- 6. Byrjað að smíða, leyfin klár.
- 7. Að festa turninn við sökkulinn.
- 8. Ný hugsun, OptiBeam 1-80+.
- 9. Turninn reistur.
- 10. OptiBeam 1-80+ element brotnar.
- 12. Penetrox og fljótandi gúmmí.
- 13. Öryggi.
- 14. Niðurstaðan.
- 15. Óveður og loftnet brotnar.
- 16. Tryggingar.
- 17. Endurskipulag, enduruppbygging.
- 18. OB 17-4, OB 1-80+ og OB 9-3 WARC.
- 19. Nýr rótor.
- 20. Nýtt drifskaft.


- 21. OB 1-80+ tekið niður.
- 22. OB 5 - 6 sett upp.
- 24. Eftirmáli.
-

# Ýmsar hugmyndir.

- Loftnet.
- Turnar.
- Radíalar.
- Staðsetning.


Þarna byrjaði ég fyrst að skoða hvað hægt væri að gera í loftnetamálum, út frá plássinu sem ég hefði til umráða, gerð og stærðir, bönd með framtíðarhorfur í skilyrðum í huga. Strax eða réttara sagt fyrir löngu var draumurinn að koma upp turni með öflugum loftnetum. Rombur eða Rombic loftnet komu ekki til greina vegna nálægðar rafmagnslína, bæði bæjarlínunnar sjálfrar og síðan háspennulínunnar norður í land en um 500 metrar eru þó í hana, en rombur eru stórar og þurfa mikið pláss. Ýmsar hugmyndir kviknuðu, eitt öflugt margbanda stefnuvirkt Yagi loftnet, þriggja banda loftnet föst í austur vestur með keppnir í huga, einsbanda stökkuð loftnet til þess að ná fram miklum ávinningi og svo mætti lengi telja. Á meðan þessum loftnetaframkvæmdum stóð var ég að mestu með 9 metra vertical og tvo dípóla, annan skorinn fyrir innanlandstíðnina á 80 m og hinn var OCF 6-160 m.

# Turn með yagi og sloper.




Á þessari mynd er turn með Yagi loftnetum, 10-15 og 20 m og síðan utanáliggjandi dípólum fyrir 40 metrana. Skiptirofar eru síðan notaðir til þess að skipta á milli dípólanna og gera þá þannig stefnuvirka.

Stakkað, stefnuvirkt.



# Turninn sem loftnet f. 160 og 80 m.



Þessi teikning er úr loftnetahandbók ARRL. TF3YH nú TF3Y spurði mig að því afhverju ég "shunt feedaði" ekki bara turninn fyrir 80 og 160 m? Þarna var komin akkúrat ideal lausnin, öflugir jakar á toppinn og turninn loftnet fyrir 80 og 160 m. Lausn sem men hafa notað lengi og virkar vel í DX. Risa vertical með lágt útgeislunarhorn, en þá þarf radíala og mikið af þeim, plássið til staðar og hugmyndin fór á flug.

# Loftnetaval.

- Eitt loftnet eða mörg loftnet ?
- Krafan :
- Stefnavirkt fjölbanda net.
- 10 – 40 metrar.
- Yagi, Logperiodic eða Quad ?
- Mikið skoðað og spekúlerað um loftnet.
- Samanburður loftneta, sjá CQTF 2.tbl.2009.



# Ýmis loftnet skoðuð.

SteppIR

M2

Titanex

R-Quad


OptiBeam

JK antennas

JK antennas var að koma inn á markaðinn á þessum tíma en ekki með neitt fjölbanda net þe með 40 m líka.

JK antennas eru einnig að bjóða Force 12 en ég skoðaði ekki Force 12 á sínum tíma.



# SteppIR MonstIR.



Eftir talsverðar bréfaskriftir til Stepplr varð niðurstaðan sú að þeir vildu ekki selja Monstlr loftnet til Íslands. Töldu þeir að loftnetið hentaði ekki vegan veðurfarsins, loftnetið væri einfaldlega ekki nógu sterkt. Þetta loftnet datt því af listanum.

# SteppIr DB 36.

options as our original yagi antennas. Options include, 6m passive kit, transceiver interface, 33 volt power supply, "Y" cable, and Array Solutions surge suppressors.

SteppIr's Dream Beam 36 in the great Northwest.

Antenna Specs		Performance		
Weight	160 lb / 72.8 kg	Band	dBi Gain	F/R dB
Wind load	17.5 sq ft / 1.63 sq m	80m	1.35	N/A
Longest element	48 ft / 15.1 m	40m	7.2	21
Turning radius	26 ft / 8.0 m	30m	8.2	18
Boom length	35' 10" ft / 11.1 m	20m	9.27	21.5
Mast clamps (incl.)	2.0 in / 5.08 cm	17m	9.88	26.5
Power rating	3 kW	15m	10.21	27.1
Wind rating	100 mph EIA-222-C	12m	10.43	21.1
Frequency coverage	**3.4 MHz - 54 MHz	10m	10.65	11.0
Cable requirements	16 conductor 22 gauge shielded	6m	4.0*(12.75)	1.78(27.4)
Turning rate	1.33 ft/sec - .4 m/sec			


- Sketch shown with optional 6m passive kit
- Gain and F/R measured in free space
- \*with optional 6m passive element kit
- \*\*with 80m - 40m optional dipole

Þetta loftnet hefur komið mjög vel út, víðast hvar, góður ávinningur miðað við stærð.

# M2 logperiodic.




**M2 Antenna Systems, Inc.**  
**Model No: 7&10-30LP8-125**



M2 datt fljótlega út af listanum hjá mér því það er einfaldlega ekki nógu sterkt, þó það sé hægt að fá sérstakar HD útgáfur af því. Það sem mér fanst ekki nógu gott var það að það sem heitir phasing line sem liggur samsíða bómunni og krossar á milli elementana þe festingarnar, strappað með nylon bandi utan um bómuna og einnig það sem heitir linear loading rod sem liggja samsíða elementunum fanst mér vera hálfgerð pjátur. Þetta er hægt að skoða á heimasíðu M2.

# Titanex quad 160 – 10 m.



Titanex er gamalgróið fyrirtæki og leist mér best á quad loftnetið frá þeim en samkvæmt heimasíðunni í dag eru þeir hættir að framleiða það. Þetta loftnet var með þokkalegan ávinning á hærri böndunum en engan á þeim lægri. Nafnið Titanex er dregið af því að þeir eru að nota titan blandað ál í loftnetin sem er sterkt miðað við sverleika, efnisþykkt osfr. Þeirra aðal hefur verið framleiðsla á vertical loftnetum sem hafa verið mikið notuð af leiðöngurum vítt og breitt um heim.

# Russian Quad, 40 – 10 m.



Rússarnir framleiða mjög öflug og sterk Quad loftnet en mjög erfitt var að að eiga í samskiptum við þá þannig að mér leist ekki á að eiga við þá viðskipti, það hefði ekki eða varla verið hægt nema mæta á staðinn.  
En rosalega freistandi !

# Fyrir valinu varð: OptiBeam OB 18-6.



Eftir miklar vangaveltur, fyrirspurnir til eigenda OB 18-6 og heimsókn til OptiBeam varð OB 18-6 fyrir valinu en þessi gerð er stærsta fjölbanda loftnetið frá OptiBeam. Þas þetta er 6 banda loftnet. Lengi var ég að skoða OB 15-7 sem er mjög sterkt og öflugt 7 banda loftnet og hefur komið mjög vel út hjá þeim sem eru með það.


OB 18-6 er mjög flókið loftnet, drifnu elementin eru í lágréttu plani og hluti director elementanna eru í lóðréttu plani. Mitt loftnet er með framleiðslu númer 12. En undan farin ár hafeu þeim fjölgað mjög mikið. Loftnetið er gríðarlega öflugt og hefur komið mjög vel út, bæði austan og vestan hafs og er einnig mjög vinsælt í Austurlöndum nær.

# OptiBeam 18-6, helstu tölur.


OB18-6	18 Element Yagi 40-20-17-15-12-10m
Bands	40 / 20 / 17 / 15 / 12 / 10
Gain (dBd) *	4,8 / 7,3 / 7,5 / 7,8 / 7,0 / 7,7
Gain (dBi) **	11,8 / 14,7 / 15,1 / 15,5 / 14,8 / 15,6
F/B (dB)	25 / 18 / 25 / 22 / 22 / 15
VSWR	
40 m CW/Europe setting:	
7,00 - 7,05 - 7,15	1,7 - 1,1 - 1,8
40 m USA phone setting:	
7,15 - 7,21 - 7,30	1,7 - 1,1 - 1,8
14,000 - 14,160 - 14,350	1,3 - 1,1 - 1,4
18,069 - 18,150 - 18,169	1,4 - 1,1 - 1,2
21,000 - 21,270 - 21,450	1,4 - 1,1 - 1,3
24,890 - 24,950 - 24,990	1,3 - 1,1 - 1,3
28,000 - 28,500 - 29,000	1,5 - 1,1 - 1,7
Elements (number)	18 (+ 8 hidden sleeve für 12/17m )
Active Elements	3 / 4 / 4 / 4 / 4 / 7
Max. Elementlength (m)	14.64
Boomlength (m)	11.9
Turning Radius (m)	9.16
Feedlines (number)	1 Coax 50 Ohm
Weight (kg)	115
Windload at 130 km/h	2.466 N / 3,09 m <sup>2</sup> / 33,37 feet <sup>2</sup>



# OptiBeam 18-6 uppbygging.




# OptiBeam 18-6 málsetningar.





# Demonstration Sleeve Elements.

driver organisation (horizontal)



Drifnu elementin fyrir 12, 17 og 20 m í lágréttu plani.

Vegna ábendinga frá TF3DX og TF3KB á fyrirlestrinum hvað varðar að mismunur á milli dBd og dBi væri of mikill, ætti að vera 2,15 dB og einnig athugasemdar frá TF3EK að ávinningstölur stæðust ekki, sendi ég til gamans fyrirspurn á Tom DF2BO eiganda OptiBeam og spurði hann út í þetta. Hér fyrir neðan má sjá hvað hann leggur til grundvallar ávinningstölunum, dBd og dBi og síðan svarið frá honum þar fyrir neðan.

\* = average gain over dipole in free-space / for comparison: 2 el monobander 4 dBd, 3 el 5-6 dBd

\*\* = average gain at 20m above ground (= dBd + 2.15 dB isotropic + about 5 dB ground reflection)

Regarding the dBi figure. Orincipally this is an absolute nonsense figure in any case.

Who on earth could compare to an isotropic radiator???

This is just scientific crap in my eyes. But comparing to a single element = to a dipole, this makes sense.

I have published dBi above ground, as much nonsense as it is, since all my competitors do it, and numbers have to be comparable.

But besides that, OptiBeam delivers serious numbers, all the others exaggerate, even steppIR, especially since they do not consider the losses of their system, based on

-> fixed element spacing for all bands

-> missing skin effect due to the thin Byrillium bands

-> a few per cent absorption because of the insulatir which surrounds the Byrillium bands

which are the radiating part.

A 3el dynamic antenna is as effective as a 2.3 to 2.5el Yagi, and basta!

Logical, the ground effect has to be added to any antenna which is measured with dBd!!!

Svo mörg voru þau orð !

# Rótorinn valinn miðað við loftnet.



Við val á rotor þarf að tillit til vindfangs loftnetsins í fermetrum auk bremsuafls. Þá þarf að huga að þyngd loftnets og drifskafis, hversu mikla lóðréttu þyngd rótorinn þolir en í þessu tilfalli skiptir þyngdin ekki máli þar sem burðarlega er höfð fyrir ofan rótorinn. Það eru nokkrir rótorframleiðendur á markaðnum en Prosistel var valinn vegna þess að hann er framleiddur í Evrópu og hefur gott orð á sér. Stjórnboxið er einfalt og tölvutengjalegt.

# Rótor, Prosistel PST 71D.




*New control box "D"*

The ultimate new controller fully computer controllable via RS232.

This room is not enough to list all "D" controller features

To learn more please look up the controller web page>



## Specifications

Wind load	8.8 m <sup>2</sup> 80 sq.ft	Rotation range	500°	Output shaft diameter	35 mm 1 1/2"
Starting torque	14.000 Kg/cm 12.320 in/lbs	Motor volts	12 Vdc	Control box Power input	115 Vac 230 Vac
Braking torque	52.325 Kg/cm 46.000 in/lbs	Rotor cable	5 wires	High H Rotor + flexy	40 cm - 16" 50 cm - 20"
Vertical load	1000 Kg 2.200 lbs	Accuracy	1 degree	Whide W2 Whide W1	20 cm - 8" 52 cm - 20 3/4"
Rotation speed/ 360°	± 120"	Rotore weight Controller weight	Kg 30 - 66 lbs 9 Kg - 20 lbs	Shipping weight	40 Kg 88 lbs

Nokkur forrit eru á boðstólum til þess að stýra rótorum og einnig eru stýringa möguleikar innbyggðir í loggforrit eins og td Logger32.

# Fyrsti áfanginn.


- Haft samband við byggingafulltrúa.
- Loftnetið ákveðið og pantað.
- Rótorinn valinn og pantaður.
- Sjá samanburð loftneta og heimsókn til OptiBeam, CQTF 2.tbl 2009.
- Ákveðið að shunt feeda turninn fyrir 160 og 80 m.
- OB 18-6 er án 30 metrana en hugsað fyrir vör seinna meir.



# Stjórnsýslan.

- Þá var kominn tími til þess að sækja um leyfi.
- Skila þarf inn bygginganefndarteikningu.
- Síðan er grenndar kynning.
- Þá þarf að skila inn burðarþolsteikningum.
- Uppáskrifaðar af byggingameistara.
- Síðan þarf að finna löggildan byggingastjóra.
- Þá loks er framkvæmdaleyfið gefið út.


# Bygginganefndarteikning.



# OptiBeam OB18-6.


- Framleiðslunúmer 12.
- Byrjað að setja saman, fyrst inni, síðan úti.
- Bóma og element að hluta sett saman innan dyra.
- Síðan flutt út og smíðaðir búkkar undir bómu og elementin sett á bómuna.
- Spólurnar á 40 m elementunum gera það kleyft að hafa elementin mun styttri án þess að það komi niður á ávinningi eða nýtni, svo nokkru nemi.

# Element sitja í plast baulum.



Baulurnar sem eru notaðar eru í raun baulur sem gjarnan eru notaðar fyrir háþrýsti glussalagnir og fást ma hÉrlendis í Landvélum og Barka.

# Samsetning á bómu.



# OB 18-6 40 m spóla.



Á milli álröranna er gler fiber rör og spólan tengir svo yfir það.

OB 18-6 40 m spóla.



# OB 18-6 spóla á 40 m drifna elementinu.



Vegna styttra 40 m elementa er impedance 30 og því notuð spóla til þess að breyta í 50 Ohm.




# OB 18-6 balun 1:1 5 kw.



Drifnu elementin, næst 12 m þá 17 m og 20 m.

# OB 18-6.



Ég bætti við viðbótar stögum á elementin í lóðréttu planinu þar sem mér fannst þau svigna of mikið niður á við.

OB 18-6, auka stag.



OB 18-6 auka stag.



OB 18-6 stag á drif elementum.



# OB 18-6 ytri endi á decoupling stubs.



Decoupling stubs eru vírar sem liggja undir hverju og einu 40 m elementi. Tengdir við element að innanverðu og liggja svo í nylon hólkum ca 5 cm frá elementi. Þessir vírar eru til þess að koma í veg fyrir millislátt og truflanir á milli banda, en það getur verið vandamál í svona fjölbanda Yagi loftneti. Eins og sést gengur vírinn í gegn um hvíta hólkinn. Nylon skrúfa er síðan til þess að herða hann fastan. Mér fannst frágangurinn ekki nógu góður og setti því litla riðfrýa klemmu á vírinn og Sikaflex límkiti yfir.

OB 18-6 miđja á decoupling stubs.



## OB 18-6 innri endi á decoupling stubs.




Þarna sést vel hvernig “ decoupling stubs “ vírarnir eru tengdir elementinu fyrir innan spólur. Hólkurinn er skrúfaður upp á boltann sem heldur elementinu saman og snarað er úr honum fyrir rónni.



Auka stag á eliment.



# Samsetning OptiBeam elementa.



Öll vinna á áli, niðurskurður og borun fer fram með tölvustýrðum velum og er framkvæmd af fyrirtækinu Hummel sem er í samvinnu við OptiBeam en fyrirtækin deila saman húsnæði að hluta. Hummel sérhæfir sig á smíði úr áli, td loftnetsturnum, ljósamöstrum ofl. Elementin eru öll sett saman með riðfrýum sexkant boltum. Haus boltans fer í gegn um ytra rörið og legst að því innra. Ekkert vandamál hefur verið að ná elementunum í sundur þó svo að vel hafi verið hert og ég hef ekki orðið var við neitt los á þessu.

OB 18-6 auka stag.



# OB 18-6.



Þarna má sjá að 12 m reflector elementið er bundið með flatáli við bómuna en það er gert til þess að koma í veg fyrir millislátt milli banda. Seinna kom í ljós að þessi frágangur er algerlega ófullnægjandi. 20 m elementið er í plastbaulum og fest við bómuna. Síðan eru þrjár lóðréttar stífur beggja megin en í vindi tekur þetta talsvert á sig og þessi tenging niður í bómuna er engan vegin nógu sterk til þess að taka við því jagi sem verður á elementunum.

# OB 18-6 að verða klárt.




Þarna sést vel auka stag sem ég setti á elementin í lóðréttu planinu en samkvæmt framleiðandanum átti þetta að vera nægjanlega stabílt vegna lóðréttu stífanna. En mér fannst þetta síga allt of mikið niður til endanna.


# OB 18-6 samsett og tilbúið.



OB 18-6.



# Turninn.





# Hvernig turn ?

Teleskóp ?

Fellanlegan ?

Ál, stál ?

Lítinn, stóran ?

Grind eða rör ?

# Margir turnar skoðaðir.

Luso.

US Tower.

Rohn.

Universal towers.


Tashjian Towers.

Heimasmíðað.

# Luso telescope.


See assembly steps in terms of photos.

elevation



Sennilega eru Luso loftnetsturnar þeir bestu sem fáanlegir eru fyrir amatöra á markaðnum í dag.

# US Towers.



# Texas towers.

[/ Online Catalog](#) / [/ Search](#) / [/ Orders](#) / [/ Coupons](#) / [/ Specials](#) / [/ News](#) / [/ Contact Info](#) / [/ Home](#)

**texastowers.com**  
*The Online Ham Radio Store*

**(800) 272-3467**  
[SALES@TEXASTOWERS.COM](mailto:SALES@TEXASTOWERS.COM)

---

**SSG MIDSECTION** \$319

The fabric SSG tower is an extra heavy duty 48" face triangular design using 1.5" steel side rails and solid steel 7/16" cross bracing. Multiple sections measure 30 feet long. Sections fit together with a double lock joint for strength. The tower is designed to use three guy points radially spaced 120 degrees apart, with anchors set out from the tower 80% of the tower height. All SSG tower sections and optional accessories have a hot dip galvanized finish to assure years of trouble-free service. Sections are supplied with galvanized nuts and bolts.

**DANGER**

**NO TOWER IS SELF SUPPORTING DURING CONSTRUCTION ALWAYS USE TEMPORARY GUY LINES OR OTHER TEMP MEANS UNTIL YOU HAVE INSTALLED PERMANENT GUYS AS SOON AS A GUY POINT IS REACHED.**



**ROPER SSG OPTIONS & ACCESSORIES**

3/4" L399, Pier Pin for SPC50G	\$12
<b>RP5010</b> , Rotor Plate	\$128
<b>RPC50G</b> , Fixed Concrete Base Plate	\$100
<b>RP1550</b> , Raising Hole	\$546
<b>EP2524-3</b> , Equalizer Plate (3-hole)	\$39
<b>EP2524-S</b> , Equalizer Plate (5-hole)	\$60
<b>CAS50G</b> , Guy Assembly	\$240
<b>SAC3405</b> , Guy Anchor	\$139
<b>CAB30</b> , Concrete Guy Anchor Rod	\$30
<b>HBUTVRIC</b> , Adjustable Mount Bracket	\$200
<b>SPCSG</b> , Short Base Section (60")	\$179
<b>TS3</b> , Thrust Bearing (2")	\$100
<b>TS4</b> , Thrust Bearing (3")	\$185
<b>DD50G</b> , Truck Platform	\$290

# OptiBeam á Hummel álturni.




# Aluma Towers.

## EXTRA, EXTRA HEAVY DUTY

The Extra, Extra Heavy Duty aluminum crankup towers are designed to accommodate large, heavy-duty rotators and pedestals. This model is designed for heavier dead weights up to 300 lbs and up to 25sq. ft. of antenna surface area. Telescoping towers are complete with a heavy duty 2" x .250 wall x 6' long mast, guy ears on each section, heavy duty building bracket and tilt base.

Model	T-4000HD	T-5000HD
Approx. Extended Height, Including Mast	40 ft	50 ft
Nested Height w/o Mast	20 ft	25 ft
Number/Length of Sections	3-20 ft	3-25 ft
Tower Sections	D&E	D&E
Raising System	Worm Gear Winch	Worm Gear Winch
Approximate Weight	166 lbs	191 lbs

## Section Sizes for Extra Extra Heavy Duty Towers




8892-0000-0000  
[click image to enlarge](#)

**CAUTION:** Take care to avoid any contact with overhead power lines when raising, installing, or lowering your tower. [Click here for full WARNING.](#)




# Sleði utan um turn.



Þarna var ég að velta því fyrir mér að hafa sleða utan á turninum til þess að hífa loftnetið upp og niður en það gengur ekki upp með OB 18-6 vegna þess að ekki er pláss fyrir turninn á milli elementana. Þessi útfærsla hentar hinsvegar vel stórum eins bands loftnetum.




# Sleði utan á turn með löm.




Þarna er hugmyndin sú að loftnetið snúist upp á endann þegar því er slakað niður en þá þarf rótorinn að vera uppi og rótorhúsið hannað þannig að það velti og síðan þarf læsingu þegar það er í réttri stöðu.

# Tillt löm fyrir loftnetsbómu.



Þarna var ég að leika mér með hugmynd að velta loftnetinu en í raun algerlega óraunhæft ! Spekúlasjón eftir að hafa séð auglýstan tiltúnað sem átti að virka sjálfkrafa í vondum veðrum.

# Turn með löm, tvískiptur.



Þessa útfærslu má sjá hjá amatörum en oftast nær er þá um frekar um að ræða litlar og léttar uppsetningar, fyrir utan amk eina sem ég sá í Japan, sem var gríðarlega öflugur turn.


# OptiBeam á tilt plötu.




Þessa tiltplötu var einhver að smíða og selja, ég sá þetta auglýst í QST, átti að leggja loftnetið upp á hlið bæði í vöndum veðrum en hef ekki rekist á þetta í langan tíma, en svo sem ekki heldur leitað eftir því.

Hérna eru hugmyndir af mismunandi útfærslum á turnum sem ég velti fyrir mér. Þá miðað við heimasíð.


# 19 m þrístrendur.




# 24 m prístrendur.



# 25 m þrístrendur.




# 25 m ferhýrndur.





# Þessi útfærsla valin.



Eins og áður kom fram, shuntfeeda turninn fyrir 80 og 160 metrana. Þegar lofntein eru orðin svona stór og þung þurfa turnarnir að vera mjög sterkir.

# Radíalar.

128 stk.


L = 41 meter.

Samtals 5.248 metrar.

4 m á milli í úthring.


Buried radials.

L.B.Cebik.



Þarna er ég búinn að setja út pláss fyrir niðurgrafna radíala, samkvæmt bók L.B.Cebik. Vírinn sem ég ætlaði að nota var 2,5 mm galvaniseraður þan vír, ætlaður fyrir rafmagnsgirðingar. Ódýr og sterkur.


# Hve háan turn ?



"Ingi, **Ingi**...erum við ekki bráðum komnir upp."

TF3AM setti upp fyrir mig í EZNEC forritið tvær mismunandi turnhæðir. Því herra því betra ! en það gengur ekki allstaðar, auk þess sem kostnaðurinn eykst verulega, en kjörhæðin er  $1/2$  bylgjulengd frá jörðu, á lægstu tíðni loftnetsins sem er 40 m og þá er turninn 20 m eða réttarasagt loftnetið 20 m frá jörðu. Á næstu myndum má sjá nokkur mismunandi gröf.

# Hæð frá jörðu, 7 MHz.




Svört lína: 7MHz, 24m hæð

Blá lína: 7MHz, 20m hæð

TF3AM

# Hæð frá jörðu, 14,1 MHz.




Svört lína: 14,1MHz, 24m hæð

Blá lína: 14,1MHz, 20m hæð

TF3AM

# Hæð frá jörðu, 21 MHz.




Svört lína: 21MHz, 24m hæð

Blá lína: 21MHz, 20m hæð

TF3AM

# Hæð frá jörðu, 28,5 MHz.



Svört lína 24 m.

Blá lína 20 m.

# Byrjað að smíða turn, leyfin klár.


- Ákveðið að hafa turninn 24 metra háan.
- Heila grind, sjálfstandandi. Þ.e. án staga.
- Fenginn 18 metra ljósamastursgrind.
- Smíðuð 6 metra grind til hækkunar.
- Ákveðið að hafa rótorinn niðri.
- Taka fæðilínur upp í gegn um drifskaft.
- Hannað rótorhús með burðarlegu.
- Hannað drifskaft með stýrilegum o.fl.



# Byggingareglugerðin segir :

- Turninn verður að falla undir reglugerðir.
- Burðarþol miðað við vindálag, ísingu ofl.
- Innfluttan turn þarf að teikna upp og reikna.
- Innfluttningur því óraunhæfur vegna kostnaðar.
- Turngrindina fékk ég hjá Ægi TF2CT en þetta er ljósamastur, massíf grind, saman soðin og galvaniseruð. TF2CT hafði hugsað sér að setja turninn upp en hætti við. Turngrindin er þrístrend og trapisulaga, þe mjókkar upp og ofan á grindina var svo smíðuð 6 metra lenging, bein, með 16 mm leggjum og 12 mm skástífum. Með því að hafa rótorinn niðri á sökkli og síðan burðarlegu þar fyrir ofan, kemur engin þyngd frá loftneti eða drifskafti á rótorinn né heldur lágrétt snúningsátak á turngrindina sjálfa.


# Turn, helstu mál.




# Að festa turninn niður á sökkul.

- Útfærsla Almennu Verkfræðistofunnar lögð til hliðar.
- Mér leist ekkert á að bora í steypuna og líma niður snitteina.
- Ýmsar hugmyndir skissaðar upp.
- Endirinn var að smíða Té-laga bita og leggja hann í steypuna.
- Með festibaulum og stilliboltum.


# Turnsökkull, járnateikning.




# Turnsökkull, snið ofan.




# Krókur og stillibolti.



# Riss af króki og stillibolta.




# Undirstaða, Té biti.




Turninn er þrístrendur og tvær lappir eru á lömum og sú þriðja á flangs.



# Bauluriss fyrir Té bita.



# Té biti, endanleg festing í steypu.



Grafið var niður á móhellu, síðan settir 25 x 25 cm plattar undir stilliboltana og undirstaðan fyrir turninn rétt af með hallamáli og seinna endurskoðað með leysigeisla.

667 kg á pallinum.



Suðutækt kambstál.

Byrjað að setja saman járnagrindina.



# Við smíðina var ma. stuðst við :

- Eitt og annað úr bók Johns Devoldere ON4UN
- Low-Band-Dxing notað beint og óbeint.
- Loftneta handbók ARRL.
- The Antenna Handbook eftir W6SAI og W2LX.
- Up The Tower eftir Steve Morris K7LXC.
- Íslenska Töflubókin. ( Westermann )
- Internetið.
- Og síðan ekki síst úr viskubrunni fjölmargra
  - ÍRA félaga.

# ON4UN turn í endurbyggingu.



# ON4UN, þrýstilega.



Þarna er þrýstilegan, burðarlegan, höfð uppi sem þýðir að nánast allt lóðrétt álag verður á turngrindina sjálfa en með því að hafa burðarleguna niðri á sökkli verður nánast ekkert lóðrétt álag á turninn nema eigin þyngd. Þarna er turninn gerður úr rörum með 10 mm skástífum. Þeir sprautuðu Tectyl eða einhverju slíku ryðvarnarefni innan í rörin, síðan er málað með tveggja þátta málingu en ég notaði oxyd menju og skipalakk á minn turn.

# ON4UN, þrýstilegan smurð.



Þarna er notur sver kónísk lega, því sverari kónn því minna viðnám en einnig er innra gat legunnar það svert að auðvelt er að koma drifskapti í gegn. Burðarlegan sem ég nota er til þess að gera með lítið þvermál og því þarf driföxullinn sem gengur upp í gegn um leguna að vera extra sterkur. Þetta er mjög góður frágangur á burðarlegunni en hún hefði þurft að vera niðri fyrir ofan rótor, amk að mínu mati.



# ON4UN loftnets rótor.



Þarna er rótorinn festur við sökkulinn og því verður ekkert eða mjög lítið lágrétt snúningsálag á turngrindina. Takið eftir jarðbindingunni á turnlöppinni en hver löpp er jarðbundin niður í sökkulgrindina.

# ON4UN turnsökkull.



# Nú kom babb í bátinn !!

- Turninn verður ekki shunt-feedaður !!
- Til þess að nota Yagi sem topphatt verða öll elementin að vera fest beint við bómuna.
- Öll element á OB 18-6 eru einangruð frá bómu.
- Sama gildir um SteppIR ofl loftnet.
- Menn hafa sett rofa yfir drifnu elementin.
- Þegar önnur element eru leiðandi tengd við bómu.
- Að ekki væri hægt að shunt feeda turn þar sem elementin á Yagi loftnetinu eru ekki beint bundin við bómuna sá ég í grein um þessa aðferð. En þá var ég búinn að panta loftnetið og ekki aftur snúið með það. Þegar menn nota Yagi loftnet sem topphatt eru drifnu elementin bundin bómunni með rofum. Snerturnar þurfa að þola mikinn straum, rofarnir að vera vatnsheldir ofl. Dæmi eru um að rofarnir ( releyin ) hafa fuðrað upp og einhversstaðar sá ég að menn eru mikið til hættir að nota þessa aðferð. Setja frekar upp stóra vertikala með föstum topphöttum.


# Nú þurfti að hugsa allt upp á nýtt.

- Niðurstaðan :
- Setja OptiBeam OB 1-80+ fyrir ofan 18-6.
- Víramöguleikarnir enn til staðar.
- Færa turninn að hlöðunni.
- Eiga plássíð til góða fyrir 160-80 m vertikal.
- Sleppa því að leggja veg út á tún fyrir steypubíla og fjarlægja veginn aftur !
-

# OptiBeam OB 1-80+



# OB 1-80+ málfsetningar.



# OB1-80+ Helstu tölur.

OB1-80+	1 Element Yagi 80m (SSB+CW)
Bands	80
Gain (dBd) *	0
Gain (dB) **	5.3
F/B (dB)	0
VSWR (with the OptiBeam multi switch):	
SSB 1: 3,770 - 3,795 - 3,830	2,0 - 1,1 - 2,0
SSB 2: 3,720 - 3,745 - 3,790	2,0 - 1,1 - 2,0
SSB 3: 3,680 - 3,705 - 3,750	2,0 - 1,1 - 2,0
CW: 3,500 - 3,520 - 3,565	1,7 - 1,2 - 2,0
Elements (number)	1
Max. Elementlength (m)	17.6
Turning Radius (m)	8.8
Feedlines (number)	1 Coax 50 Ohm
Weight (kg)	25
Windload at 130 km/h	390 N / 0,74 m <sup>2</sup> / 8,0 feet <sup>2</sup>

# Toppplata með legu.



Drifskaptið liggur í PON leguefni, ekki átti að þurfa að smyrja í legurnar en annað kom í ljós, seinna setti ég koppa, smurlagnir niður grindina þannig að hægt er að smyrja í allar legur frá jörðu.



# Unnið við blakkar arma.



Þarna sjást allar með blökkum, festir á toppplötuna, hugsað til þess að hífa upp víra loftnet.

# Drifskaft og millilega.



Nokkrar millilegur eru á drifskaftinu.

90 ( 88,9 x 4,05 )mm drifskraft.



# 75 (x 2.9) mm drifskaft.



Ég gerði feil í upphafi með rörin í drifskafið. Ég taldi nógu sterkt að nota venjuleg randsaumuð rör en annað kom á daginn. Það snérist upp á rörin, ótrúlega mikið þannig að seinna skipti ég þeim út fyrir heildregin rör sem eru mun sterkari.

# Topplega og armar f. Vírablakkir.




Sleði er utan á turngrindinni fyrir kapla.

# Armur og vírablökk.



# Bómufesting fyrir 18-6.



Með því að taka fæðilínur og stýriþrá þarf engar bugtir uppi við loftnet en þrárnir vilja gefa sig þar vegna veðurs. Huga þarf að því hversu mikið má beygja þrána en flestir framleiðendur gefa upp beygjuradíusinn.

# Neðra úttak.




Neðra úrtakið er ca 2 metra fyrir ofan rótor.



# Stagfesting.



# Stag.



Það eru þrjú stög á turninum, þó svo að útreiknaður styrkur segi til um að ekki þurfi að staga turninn. Ég skipti þeim upp í búta með einangrara á milli, að hluta til fékk ég gömul stög í þessum lengdum.

# Stög og einangrarar.



Þessar lengdir eru ansi nálægt 17 metrunum en ég hef ekki orðið var við neinar truflanir eða hliðarverkanir frá þeim.

Jarðbundið yfir flangsa.




# Turntoppur.



Neðri topplega.




# Tengihús og rótorhús.



100 mm rör lagt frá sjakk, og tekið upp í gegn um sökkul og upp í tengi -hús.

# Burðarlega fyrir drifskaft.



Eins og sést þarna er innanmál burðarlegunnar ekki nema 40 mm og því þarf öxullinn að vera úr mjög góðu efni, sama gildir líka um öxulinn upp úr rotor flangsinum. Leguna fékk ég úr pressu úr fiskimjölsverksmiðju sem var verið að leggja af. Kónísk lega eins og ON4UN notar í sínum turni er mjög dýr en góð. Auk þess að vera með mikið innanmál fyrir drifskaftið.



# SKF 52310 burđarlega.

SKF 52310 bearing 52310 SKF bearings dimensions




- product name : SKF 52310 distributor
- product categories : SKF 52310 bearings
- [ENKI@sales@bartonbearings.com](mailto:ENKI@sales@bartonbearings.com)
- Key words : SKF 52310 bearing 52310 SKF
